



13. nóv 2012 kl 19.30

## Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Ragnhildur, Elín, Sigrún, Guðbjörg og Ellert

Fjarverandi: Aníta.

Mál sem tekin voru til umræðu:

Bekkjarfulltrúar:

- Núna eru komnir Bekkjarfulltrúar í alla bekkina. Ekki oft sem það gerist. Einhverjir eru búnir að sækja þá peninga sem bekkjunum er úthlutað. Þannig að þetta fer vel af stað og vonandi sjáum við, í vor, að allir bekkirnir hafi gert eitthvað skemmtilegt.

Annað:

- Ragnhildur kynnti fyrir okkur Baujuna, sem er sjálfstyrkingarnámskeið. Það var spurning hvort að Foreldrafélagið vildi taka þátt í kostnaði vegna kynningar á þessari hugmyndafræði fyrir foreldra í samstarfi við aðra skóla á Akureyri. Ákveðið var að vísa þessu til yfirstjórnar skólans.
- Beiðni kom til foreldrafélagsins um að kosta „alvöru“ jólasveina á jólaballið. Okkur er ljúft og skylt að verða við því.
- Ýmis önnur mál rædd, svo sem Stuttmyndadagar 8-10 bekkja, láta að gera skoðanakönnun á því hversu margir foreldrar skoða heimasíðu Giljaskóla, líklega best að gera það með foreldraviðtölunum. Athugasemdakerfi á heimasíðu, Foreldrafélagið á Facebook og fleira tengt því að koma upplýsingum til foreldra.

**Næsti Stjórnarfundur er þriðjudaginn 8 jan kl 19.30**

Fundarritari: Ellert Guðmundsson